

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir 5. mgr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Raforkueftirlitsins til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum. Viðkomandi svæði telst dreifbýlissvæði þegar sýnt hefur verið fram á að dreifikerfisþörf vegna fjarlægða, þéttleika byggðar og innviða leiði til sannanlega hærri kostnaðar á dreifða einingu miðað við þéttbýli innan sama veitusvæðis. Umsókn skal taka til skýrt afmarkaðs svæðis eða svæða innan dreifiveitu.

Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skal dreifiveita leggja fram eftirfarandi gögn og upplýsingar til grundvallar mati Raforkueftirlitsins:

- a. Kostnaðargreiningu sem sýnir fram á kostnaðarauka samanborið við önnur svæði sömu veitu. Greiningin skal taka til viðeigandi kerfisþátta, svo sem línulengdar, búnaðar, viðhalds og raforkutaps, ásamt mælikvarða um kostnað á dreifða einingu.
- b. Landfræðilega afmörkun, framsetta með hnitsettum gögnum (GIS) og kortum, sem sýnir skýrt mörk svæðisins og tengingu þess við dreifikerfi og afhendingarstaði.
- c. Landnotkun samkvæmt gildandi aðal- og deiliskipulagi, þ.m.t. flokkun svæða og upplýsingar um helstu innviði sem skipulag gerir ráð fyrir.
- d. Upplýsingar um byggðaeinkenni, íbúafjölda og/eða fjölda notenda, ásamt lýsingu á þéttleika byggðar.
- e. Raforkunotkun á hinu afmarkaða svæði, sundurliðaða eftir notendaflokkum, og upplýsingar um hlutfall hennar af heildarnotkun veitusvæðisins.

Við mat á umsókn skal Raforkueftirlitið byggja á þeim gögnum sem talin eru upp í 7. mgr. og meta heildstætt hvort skilyrði um sannanlegan kostnaðarauka séu uppfyllt. Við matið skal jafnframt horfa til væntrar byggðapróunar, breytinga á mörkum dreifbýlis- og þéttbýlissvæða að því marki sem þau hafa þýðingu fyrir mat á kostnaði við dreifingu raforku. Þá skal Raforkueftirlitið meta áhrif sem skipting gjaldskrár kann að hafa á tekjumörk og væntar tekjur dreifiveitunnar. Áhrif samþykkrar umsóknar á kostnað, eignagrunn, tekjur og skiptingu tekjumarka skulu liggja fyrir áður en sérstök dreifbýlisgjaldskrá tekur gildi. Skal breytingin tekin til meðferðar við ákvörðun, uppfærslu eða uppgjör tekjumarka samkvæmt 17. gr. raforkulaga.

Leyfi til að beita sérstakri dreifbýlisgjaldskrá skal endurskoðað samhliða almennri endurskoðun tekjumarka dreifiveitu hverju sinni. Dreifiveitu er skylt að halda skrá yfir samþykkt afmörkun og undirliggjandi forsendur og gera þau gögn aðgengileg Raforkueftirlitinu fyrir 1. apríl ár hvert. Raforkueftirlitið getur krafist endurskoðunar á mörkum dreifbýlissvæðis ef verulegar breytingar verða á byggðapróun eða öðrum þeim forsendum sem leyfið byggðist á.

Raforkueftirlitinu er heimilt að gefa út almennar leiðbeiningar um nánari viðmið varðandi gagnaskil samkvæmt 7. mgr., val á samanburðarsvæðum og framkvæmd mats á svæðum sem rekin eru sem einangruð kerfi eða njóta ekki tengingar við flutningskerfi.

b. 6., 7. og 8. mgr. falla brott.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 6. mgr. 17. gr. a, sbr. 45. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og tekur þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 1. júlí 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 15. júlí 2026